

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 24/1998.

Sighvatur Steindórsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Blönduósbæ og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

til réttargæslu

(Hákon Árnason hrl.)

Vinnuslys. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1998. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð samtals 9.611.100 krónur, með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 6. mars 1991 til þingfestingardags í héraði 2. apríl 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að ársvextir verði fyrst dæmdir frá 2. apríl 1993. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar, meðal annars á grundvelli sakarskiptingar, og málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda eða á hendur honum eru engar dómkröfur gerðar.

Í kröfugerð áfrýjanda felst nokkur hækkun frá endanlegum kröfum hans í héraði, en innan marka kröfufjárhæðar í héraðsstefnu. Andmælir stefndi því ekki, að breytingin komist að hér fyrir dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Þegar áfrýjandi slasaðist nærri miðdegi 6. mars 1991, var hann að vinna að viðgerð á iðnaðarhúsi á Blönduósi eftir skemmdir af óveðri, eins og rakið er í héraðsdómi. Húsnæðið var á leigu undir starfsemi Bifreiðaskoðunar Íslands hf., en í eigu stefnda, og var við-

gerðin á vegum hans. Vann áfrýjandi að henni ásamt öðrum föstum starfsmanni stefnda og tveimur starfsmönnum Trésmiðjunnar Stíganda hf., sem var verktaki á staðnum. Engra beinna upplýsinga nýttur við um samningsgerð milli stefnda og verktakans eða umsjón með störfum hans, en af gögnum málsins verður helst ráðið, að honum hafi verið falið verkið ásamt þessum starfsmönnum stefnda án skýrrar afmörkunar á skiptingu starfa milli hans og þeirra. Að því er áfrýjanda snerti, hafi þó verið ráðgert, að hann myndi einkum sinna verkefnum, er væru á sviði vélvirkja, og ganga að þeim án sérstakrar verkstjórnar af hálfu verktakans. Hins vegar hafi hann ekki átt að stjórna mönnum verktakans eða hafa á hendi eftirlit með verki hans af hálfu stefnda.

Meiðsl áfrýjanda voru alvarleg, og var lögreglu á Blönduósi tilkynnt um slysið þegar í stað. Svo virðist sem fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins á Sauðárkróki hafi einnig verið gert viðvart, en gögn um atvikið ekki borist honum fyrr en síðar og þá í fyrstu með skýrslu lögreglunnar eftir nokkra daga. Þessar upplýsingar leiddu þó ekki til rannsóknar af hálfu vinnueftirlitsins.

Telja verður ljóst, að atvik að slysinu sjálfu hafi í megindráttum verið þau, sem lýst er í héraðsdómi. Hafi laus álstigi, sem reistur hafði verið upp að vegg við útihurð í húsinu, runnið undan áfrýjanda við átak frá verki því, sem hann var að vinna, og áfrýjandi fallið með stiganum niður á gólf. Stiginn var einfaldur, af algengri gerð og nægilega traustur til notkunar við verkið. Það er og álit allra, er á staðnum voru, að hann hafi staðið með eðlilegum halla, þegar áfrýjandi fór upp í hann. Á neðri enda stigans var hins vegar enginn búnaður til að varna því, að hann rynni úr stað, og engin fyrirstaða gegn því var á gólfinu, sem var slétt og lakkað steingólf. Verður að líta svo á, að í því felist meginorsök slyssins.

Ósannað er, hver átti þennan stiga, og er ekki unnt að gera því skóna, að viðhald á honum hafi verið í verkahring áfrýjanda sjálfs, þótt stiginn væri í notkun á staðnum í þágu stefnda. Um verkefni áfrýjanda að þessu sinni verður á hinn bóginn við það að miða, að hann hafi verið sjálfráður um, hvernig best yrði að því staðið, og búið yfir nægri kunnáttu og reynslu til að neyta þess. Mátti hann vita, hvaða átök gætu fylgt verki hans og hver hættu honum væri búin í stiganum óvörðum. Þótt starfsmaður verktakans væri nærstaddur,

gat áfrýjandi ekki treyst því óumbeðið, að hann styddi við stigann. Að þessu athuguðu er óhjákvæmilegt að álykta, að áfrýjandi verði sjálfur að bera ábyrgð á slysinu.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Hjörtur Torfason telur, að fella beri niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sighvatur Steindórsson, greiði stefnda, Blönduósbæ, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 21. nóvember 1997.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 6. október sl., er höfðað af Sighvati Steindórssyni, kt. 150655-2349, Holti, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með stefnu, áritaðri um nægjanlega birtingu og þingfestri 2. apríl sl., á hendur Blönduósbæ, kt. 470169-1769, Húnabraut 6, Blönduósi, og Vátryggingafélagi Íslands, kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar, þar sem hann kvað vaxtakröfu ofreiknaða. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að hann krefst þess, að stefnda, Blönduósbæ, verði gert að greiða sér 8.483.190 krónur með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. ágúst 1996 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins. Við aðalmeðferð málsins krafðist stefnandi þess, að virðisaukaskattur bættist við málflutningsþóknun.

Engar kröfur eru hafðar uppi á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi, Blönduósbær, krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Réttargæslustefndi gerir ekki sjálfstæðar kröfur í málinu.

Málavextir.

Stefnandi var fastráðinn starfsmaður stefnda, þegar hann slasaðist við vinnu sína. Hann er vélvirkjameistari að mennt og starfaði sem flokksstjóri hjá stefnda við viðhald á eignum og tækjum bæjarins. Daginn, sem slysið varð, 6. mars 1991, vann stefnandi að viðgerð á húsnæði í eigu stefnda. Viðgerðin fólst meðal annars í því að skipta um innaksturshurð á húsnæðinu, en gamla hurðin hafði fokið burt, nánast í heilu lagi, í óveðri, sem gengið hafði yfir skömmu áður. Til að koma nýju hurðinni fyrir þurfti að bora göt fyrir festingar í burðarvirki hússins. Mun meira tjón varð vegna óveðursins, og f auk þakið nánast af því. Við viðgerð á húsinu unnu tveir starfsmenn Trésmiðjunnar Stíganda hf., þeir Lýður Rögnvaldsson húsasmíðameistari og Páll Marteinson. Einnig var þarna við vinnu annar starfsmaður stefnda, Óskar Gunnarsson verkamaður.

Stefnandi fór upp í stiga til að bora göt fyrir festingarnar, en þær komu í stálbita í húsinu, sem reist er á stálgrind. Efstu götin voru í rúmlega þriggja metra hæð frá gólfi, og var stefnandi að bora eitt þeirra, þegar slysið varð. Þegar borinn, sem stefnandi var að vinna með, fór í gegnum stálbitann, hrökk hann fram. Í sömu mund rann stiginn frá veggnum að neðan, og féll stefnandi í gólfið og kom niður á hnén.

Fyrir liggur, að gólfið, þar sem stefnandi var við vinnu sína, var málað með lakki. Þá liggur og fyrir, að ekki voru gúmtappar neðan á stiga þeim, sem stefnandi notaði við vinnu sína.

Stefnandi fór sama dag á heilsugæslustöðina á Blönduósi og var þar settur í gífs, sem hann hafði í tæpar tvær vikur. Þá stundaði hann einnig æfingar. 1. febrúar 1993 gekkst stefnandi undir liðspeglun á Akureyri og frekari aðgerðir vegna hnésins.

Í niðurstöðu örorkumats Júlíusar Valssonar lækni, dags. 20. september 1993, segir svo í ályktun: „Slasaði er þrjátíu og átta ára gamall maður, vélvirki í starfi hjá Blönduósbæ, er slasaðist við störf sín með þeim hætti, að hann féll úr stiga um þriggja til fjögurra metra fall og kom illa niður á hægri hnén. Hnéskelin brotnaði illa við fallið, og við nýlega liðspeglun komu í ljós talsverðar slitgigtarbreytingar í liðnum á milli hnéskeiljar og neðri enda lærleggjar. Slasaði hefur talsverð óþægindi frá hnénu, fær verki við álag, og liðurinn vill bólgnu upp. Einnig stirðnar hann mjög við kyrrsetur.

Talsverður tími er nú liðinn, frá því að slysið varð, og slasaði hefur ekki lagast þrátt fyrir meðferð. Líta verður svo á, að hér sé um varanlegt ástand að ræða og litlar líkur á því, að frekari meðferð bæti ástandið frá því, sem

nú er. Þykir því tímabært að meta nú tímabundna og varanlega örorku vegna vinnuslyssins 6. mars 1991, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Í þrjá mánuði 100%

Varanleg örorka 15%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út tekjutap stefnanda miðað við tekjur hans árin 1988–1990, og varð niðurstaða útreikningsins eftirfarandi: vegna tímabundinnar örorku 426.400 krónur, vegna varanlegrar örorku 5.560.300 krónur. Við þessa fjárhæð leggjast síðan 333.600 krónur vegna tapaðra lífeyrisréttinda, alls 6.320.300 krónur.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Varanleg og tímabundin örorka	6.320.300 krónur.
Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	<u>–340.600 krónur</u>
	Samtals 5.979.700 krónur
Vextir frá tjónsdegi	503.490 krónur
Miski	<u>2.000.000 krónur</u>
	Samtals 8.483.190 krónur

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína á þeirri reglu skaðabótaréttar, að vinnuveitandi beri ábyrgð á starfsaðstöðu starfsmanna sinna. Fyrir því sé komin löng dómvenja, og vísar hann í því sambandi til dóma, þar sem hlutlæg ábyrgð er lögð á vinnuveitanda vegna bilunar eða galla í tæki. Þá heldur stefnandi því fram, að það hafi verið gáleysi af starfsmanni stefnda að huga ekki að því, hvernig stiginn var útbúinn, þegar hann sótti hann, og að víkja frá stiganum, þegar stefnandi var kominn upp í hann.

Slysið megi ótvírætt rekja til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað stefnanda. Stigi sá, sem var í húsnæði stefnda, hafi verið vanbúinn og gólfið lakkað og því hált. Á þessum aðstæðum beri stefndi, vinnuveitandi stefnanda, ábyrgð. Stefndi beri einnig ábyrgð á gáleysi starfsmanns síns, og því beri honum að bæta stefnanda tjón sitt.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á hefðbundnum örorkutjónsútreikningi tryggingastærðfræðings, og hann krefjist bóta samkvæmt hefðbundnu örorkutjónsmati að viðbættum miska.

Miskabótakröfuna rökstyður stefnandi með því, að hann hafi orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum, og af þeim sökum hafi hann orðið fyrir miklu tekjutapi. Hann kveður vaxtakröfu sína miðast við 8,42%, en það séu sömu samsettu vextir og notaðir eru í örorkutjónsútreikningi.

Málsástæður og lagarök stefnda Blönduósbæjar.

Aðalkröfu sína styður stefndi því, að ekkert hafi verið athugavert við starfsaðstöðu stefnanda eða húsnæði það, sem hann var að vinna í. Alvanalegt sé, að gólf í atvinnuhúsnæði sé lakkmálað, og hafi það ekki átt að koma stefnanda á óvart, að slíkt gólf séu hálli en ómáluð steingólf. Engar öryggisreglur kveði á um, að gólf skuli ekki vera lakkmáluð.

Þá bendir stefndi á, að hann hafi ekki átt stiga þann, sem stefnandi notaði, heldur Trésmiðjan Stígandi. Stefndi heldur því fram, að ekki sé laga-grundvöllur fyrir hlutlægri ábyrgð sinni gagnvart stefnanda vegna ástands húss eða álstiga.

Stefndi vekur einnig athygli á því, að stefnandi hafi sjálfur stjórnað verkinu, hafi sjálfur sótt stigann og reist hann upp við vegginn með starfsmanni Trésmiðjunnar Stíganda og síðan farið upp í stigann. Af þessum sökum hafi stefnanda sjálfum borið að athuga, hvort gúmtappar væru neðan á stiganum, og hann hafi sjálfur átt að tryggja, að stiginn rynni ekki, með því að láta halda við hann. Stefnanda hafi í ljósi starfsmenntunar sinnar og starfsviðs öðrum fremur mátt vera ljós hættan á slysi við þessar kringumstæður.

Stefndi heldur því einnig fram, að hann hafi ekki borið vinnuveitenda-ábyrgð á manni þeim, sem stóð við stigann, þegar stefnandi fór upp í hann, en vék síðan frá stiganum. Sá maður hafi verið í vinnu hjá Trésmiðjunni Stíganda, en ekki stefnda.

Loks byggir stefndi á því, að stefnandi hafi sjálfur sem verkstjórnandi og faglærður starfsmaður stefnda við viðhald tækja og eigna stefnda borið ábyrgð á starfsaðstöðu sinni. Því hafi hann borið ábyrgð á starfsaðstöðunni í húsnæði stefnda og ástandi þeirra tækja og tóla, sem hann sótti sér til að nota við verk það, sem hann var að vinna hverju sinni.

Af þessu megi sjá, að stefndi beri hvorki hlutlæga né vinnuveitenda-ábyrgð á slysi stefnanda.

Um varakröfu.

Stefndi mótmælir stefnufjárhæð sem rangri og allt of hári. Rangt sé að miða áætlað tekjutap stefnanda við tekjur hans síðustu þrjú ár fyrir slysið. Stefnandi hafi starfað sjálfstætt við málmsmíði frá árinu 1992, og viðmið-unartekjur við ákvörðun bóta til hans skuli miðast við tekjur hans í því starfi frekar en starfi hans fyrir slysið. Kröfu um bætur vegna tímabundinnar örorku samkvæmt líkindareikningi er algerlega hafnað, því að samkvæmt lögum og kjarasamningi hafi stefnandi fengið greidd slysalaun, meðan tímabundinnar örorku gætti. Bætur fyrir tímabundna örorku séu einungis greiddar, þegar um raunverulegt tekjutap sé að ræða.

Þá beri einnig að hafna kröfuliðnum „vextir frá tjónsdegi til 30. 8. '96“.

Þessi krafa sé ekki tjón, sem hlaust af slysinu, heldur vextir af tjóni, og því eigi hann ekki heima í höfuðstól kröfunnar. Þar fyrir utan sé þess ekki getið, hvernig þessi fjárhæð sé fundin, og því beri að vísa vaxtakröfunni frá vegna vanreifunar.

Við ákvörðun örorkubóta beri að virða til lækkunar skattfrelsi bóta og eingreiðsluhagræði. Þá sé miski með í læknisfræðilegu örorkumati. Loks beri að draga frá bótakröfunni eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, 340.600 krónur, svo og bætur úr atvinnuslysaftryggingu frá réttargæslustefnda, 1.013.347 krónur.

Stefndi mótmælir miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárrí og í ósamræmi við dómvenju. Nær lagi sé, að stefnandi eigi rétt á 200.000 krónum vegna miska, en miskabætur beri og að miða við verðlag á slysdegi.

Stefndi telur og, að vaxtakröfur eldri en fjögurra ára séu fyrndar, og því skuli ekki taka þær til greina. Loks verði dráttarvaxta aldrei krafist fyrr en mánuði eftir kröfugerð; í þessu tilviki hafi hún verið sett fram 31. janúar 1997.

IV.

Niðurstaða.

Slys það, sem hér um ræðir, var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins rétt tæpum mánuði eftir, að það varð, 4. apríl 1991, en rannsókn af hálfu þess virðist ekki hafa farið fram. Allir þeir, sem voru að vinna á slystað, komu fyrir dóminn og gáfu skýrslu, en þrátt fyrir það vantar nokkuð á, að atvik máls séu nægjanlega ljós. Þannig upplýstist ekki, hver ákvað, að stefnandi ynni þetta ákveðna verk. Þá er óupplýst, hver átti stiga þann, sem stefnandi notaði. Einnig er óupplýst, hvernig gerðar stiginn var, svo að ekki liggur fyrir, hvort neðan á honum áttu að vera gúmtappar eða ekki. Ekki liggur heldur fyrir, hvernig verkaskipting var með starfsmönnum stefnda og starfsmönnum Trésmiðjunnar Stíganda hf. eða hver fór með verkstjórn á staðnum. Stefnandi bar fyrir dóminum, að verkstjórn hefði ekki verið í sinni hendi, en vitnin voru sammála um, að enginn sérstakur hefði stjórnað verkinu.

Telja verður, að stefnda hafi borið að láta fara fram rannsókn á slysinu, en þar sem rannsókn fór ekki fram, verður að telja skort á sönnunargögnum, sem fram hefðu komið við rannsóknina, honum í óhag. Þykir því rétt að telja stefnda hafa átt margnefndan stiga, sem var í húsnæði hans, og að gúmtappar hafi átt að vera neðan á stiganum.

Dómari og sakflytjendur fóru á vettvang við meðferð málsins. Við vettvangsgönguna mátti sjá, að gólf hússins var lakkmálað, eins og þegar slysið varð. Málning þessi var með sama hætti og algengt er í húsum af þessari

gerð og telst því ekki galli. Ekki verður heldur séð, að neinn annar galli hafi verið á húsnæðinu, sem leitt geti til bótaskyldu stefnda. Fram kom undir rekstri málsins, að búíð var að loka dyrum til bráðabirgða, og því töldu vitni, að gólfíð hefði verið þurr, þegar slysið varð.

Stefnandi mótmælti ekki þeirri fullyrðingu stefnda, að stefnandi hefði verið flokksstjóri hjá stefnda og m. a. átt að sjá um viðhald á tækjum og tólum stefnda. Af þessu leiðir, að það var helst í verkahring stefnanda sjálfs að sjá til þess, að stiginn væri, eins og aðrar eigur stefnda, í lagi. Vitni báru, að stiginn hefði verið á staðnum, en mundu ekki, hver kom með hann þangað eða hvort hann var fyrir í húsnæðinu.

Stefnandi bar, að búíð hefði verið að reisa stigann upp að veggnum, þegar hann fór upp í hann. Hann bar einnig, að hann hefði ekki athugað stigann neitt sérstaklega, áður en hann gekk upp í hann. Því hefði hann ekki athugað, hvort gúmtappar voru á stiganum, eða á annan hátt kannað, hvort stiginn var traustur. Þá bar stefnandi, að vitnið Lýður Rögnvaldsson hefði staðið við stigann. Stefnandi kvaðst ekki hafa beðið Lýð að halda við stigann, meðan hann væri að vinna í honum, og vitnið Lýður minntist þess ekki, að stefnandi hefði beðið sig að halda við stigann.

Stefnandi reisir kröfur sínar m. a. á því, að starfsmaður stefnda hafi sýnt af sér gáleysi, þegar hann sótti stigann, með því að gæta ekki að því, hvort stiginn væri vanbúinn, og að víkja frá stiganum, eftir að stefnandi var kominn upp í hann.

Stefnandi vitnaði við munnlegan flutning málsins til leiðbeininga um vinnuvernd nr. 1, 1991, út gefinna af Vinnueftirliti ríkisins. Kveður hann þar koma skýrt fram, að stigar skuli vera með efni á kjálkum, sem komi í veg fyrir, eins og unnt er, að þeir skriki til að neðan. Hins vegar kemur og skýrt fram í þessum leiðbeiningum, að nauðsynlegt geti verið að festa stiga að ofan eða neðan til að koma í veg fyrir slys. Í þessu tilviki var stefnandi að vinna við að bora í gegnum stálbita. Bar hann, að stiginn hefði runnið út að neðan, þegar borinn fór í gegnum stálið. Er því sennilegt, að við það hafi slinkur komið á stigann. Stefnanda bar sjálfum með hliðsjón af því, sem hann var að gera, að gæta sérstaklega að því, að stiginn væri traustur.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að stefndi geti borið ábyrgð á því, að vitnið Lýður Rögnvaldsson, starfsmaður Trésmiðjunnar Stíganda hf., vék frá stiganum. Stefnandi hefur sjálfur borið, að hann hafi ekki beðið Lýð að halda við stigann. Að mati dómsins hefði það verið sjálfsagt og eðlilegt af stefnanda að óska eftir því við Lýð, að hann héldi við stigann, en óvarlegt af honum að gera ráð fyrir því sem vísu, að Lýður gerði það án beiðni þar um.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og sérstaklega þegar horft er til menntunar, stöðu og aldurs stefnanda, verður ekki annað séð en slysið verði um fram allt rakið til gáleysis stefnanda sjálfs, en ekki til atvika, sem stefndi geti borið skaðabótaábyrgð á. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, eins og hér stendur á, að fella málskostnað niður.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, en dóms-
uppsaga hefur dregist vegna anna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Blönduósþær, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Sig-
hvats Steindórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
